

778. stjórnarfundur UMSE 14.febrúar 2018 haldinn í Búgarði kl. 20:00. Mætt eru: Bjarnveig (gegnum síma), Þorgerður, Einar og Ásdís. Forföll boðuðu Sigurður, Sigrún, Elvar, Björgvin og Guðrún.

1. Fundur settur.

Bjarnveig setti fund kl. 20:00.

2. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð samþykkt.

3. Innsend bréf.

Bréf frá UMFÍ v/NSU sem eru samnorræn samtök æskulýðsfélaga sem UMFÍ á aðild að. Samtökin auglýsa eftir framkvæmdastjóra og aðstöðu fyrir skrifstofu samtakanna í ca. 50% starf. Ásdís hefur hug á að sækja um þetta starf en umsóknarfrestur er til 1. mars. Stjórn gerir ekki athugasemdir við það, þetta gæti nýst UMSE.

BLÍ – Ársþing. Tölvupóstur frá Blaksambandi Íslands, boð á ársþing, þingið verður 4. mars í Reykjavík. Ásdís áframsendi póstin á Blakfélagið Rima, Umf. Æskuna og Umf. Samherja.

Bréf frá ÍSÍ og Landssambandi eldri borgara 14. febrúar, auglýsing fyrir ráðstefnu „Rokkað inn á efri ár“ um íþróttir eldri borgara. Ráðstefnan verður haldin 15. febrúar á Grand Hótel.

Bréf frá ÍSÍ 14. febrúar, auglýsing fyrir ráðstefnu um meiðsli, meðhöndlun og fyrirbyggjandi aðgerðir. Hún verður haldin miðvikudaginn 21. febrúar í Reykjavík.

4. Styrkumsóknir.

Engar umsóknir sem liggja fyrir þessum fundi.

5. Mál

Ársþingið – haldið í Laugarborg fimmtudaginn 22. mars kl. 18:00. Umf. Samherjar halda þingið.

Rætt um ýmis mál tengd þinginu. Boða þarf gesti á þingið, fulltrúa frá UMFÍ og ÍSÍ og fulltrúa frá Eyjafjarðarsveit. Þá þarf að fá þingforseta og ritara og eins tilnefningar til heiðursmerkja. Stjórnarmenn beðnir um að leggja höfuðið í bleyti. Hafa þarf samband við kvenfélagið í Eyjafjarðarsveit vegna veitinga á þinginu.

Ásdís ætlar að senda út fyrra þingboðið að loknum þessum fundi og kalla eftir starfsskýrslum og eins ef félögin eru með málefni sem þau vilja leggja fyrir þingið.

6. Önnur mál.

Ásdís ætlar að virkja uppstillingarnefndina. Kjósa þarf um formann, gjaldkera og meðstjórnanda.

7. Tilhögun næsta fundar.

Ákveðið að halda fund fimmtudaginn 1. mars kl. 19:30. Guðrún kemur með veitingar.

8. Fundarslit.

Bjarnveig sleit fundi kl. 21:03.

Einar Hafliðason, fundarritari

---

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE

---